



Hreppsnefnd 22.01.03

Fundargerð hreppsnefndar Vopnafjarðarhrepps 22. janúar 2003

Fundur haldinn í hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps miðvikudaginn 22. janúar 2003 kl. 16.00 í Miklagarði. Mættir: Emil Sigurjónsson, oddviti, Sigurveig Róbertsdóttir, Borghildur Sverrisdóttir, Björn Halldórsson, Steindór Sveinsson, Björn H. Sigurbjörnsson og Ólafur Ármannsson. Jafnframt var mættur sveitarstjórinn Þorsteinn Steinsson.

Á fundinn mætti Signý Ormsdóttir, starfsmaður Menningarráðs Austurlands. Greindi hún frá starfi sínu og starfsemi Menningarráðs Austurlands. Dreifði hún ljósriti með upplýsingum um starfsemi ráðsins. Jafnframt skýrði hún samninga sem eru í gildi milli sveitarfélaganna og menntamálaráðuneytisins, sem gilda til ársloka 2004.

Síðan var gengið til fyrirhugaðrar dagskrár.

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 27. des. sl.
Fundargerðin rædd og síðan samþykkt.

2.mál. Fundargerð félagsmálanefndar frá 17. des. sl.
Fundargerðin lögð fram til kynningar

3.mál. og 4. mál Fundargerð atvinnumálanefndar frá 16. jan. sl., fundargerð starfshóps hreppsnefndar og atvinnumálanefndar frá 17. jan. sl. og funda með fulltrúum atvinnumálanefndar og smábátaeigenda frá 7. og 8. jan. sl.
Varðandi 5. tl. Fundargerðar starfshópsins frá 17. jan sl. var svofelld tillaga lögð fram:

“Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps tekur undir þær hugmyndir sem fram koma í 5. tl. fundargerðar starfshópsins frá 17. jan. sl. um að kalla saman landeigendur við Hvammsá ásamt fulltrúum sveitarfélagsins og Rarik, þar sem ræddir verði möguleikar á virkjun árinna.”

Tillagan amþykkt með 7 atkvæðum.

Varðandi tl. ii. í fundargerð atvinnumálanefndar frá 16. jan. sl., varðandi mótvægisáðgerðir vegna stóriðjuframkvæmda á Austurlandi, tekur hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps undir þau sjónarmið, og felur atvinnumálafulltrúa að boða til slíks fundar hið fyrsta.
Fundargerðirnar að öðru leyti lagðar fram til kynningar.

5.mál. Bréf þorablótsnefndar, vegna vínveitingaleyfis. Lagt fram bréf Hilmaris Jósefssonar f.h. þorablótsnefndar dags. 13. jan. sl., þar sem óskað er eftir vínveitingaleyfi, vegna vínveitinga við borðhald þorablóts Vopnafirðinga. Lögð fram svofelld tillaga:

“Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps samþykkir að veita Hilmarí Jósefssyni, kt. 090948-2379, fyrir hönd Þorablótsnefndar tímabundið vínveitingaleyfi vegna vínveitinga á borðhaldi þorablóts Vopnafirðinga sem haldið verður laugardagskvöldið 25. janúar nk.”
Tillagan samþykkt með 7 atkvæðum.

6. mál. Samgöngumál. Lögð fram bréf Vopnafjarðarhrepps til samgönguyfirvalda frá 6. jan. sl., varðandi fjárveitingar til vegamála á svæðinu. Jafnframt lagt fram bréf hreppsins til samgönguyfirvalda frá 16. jan. sl, þar sem mótmælt er þeirri hugmynd sem fram kemur í

Samgönguáætlun 2003-2014 að Vopnafjarðarflugvöllur sé ekki í grunnneti samgangna. Ennfremur lögð fram fréttatilkynning um vegamál frá 11. des. sl., og helstu hugmyndir og tölur úr tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2003-2014.

Miklar umræður urðu á fundinum um vegamálin og fjárveitingar til þeirra.

Í framhaldi var lögð fram svofelld ályktun:

“Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps hefur beitt sér eins og kostur er fyrir flýtingu á tengingu Vopnafjarðar við Þjóðveg 1 og hefur meðal annars margoft á liðnum árum ályktað um lagningu vegar um Hofárdal í því sambandi. Haldnir hafa verið fundir með fulltrúum vegagerðar, þingmönnum kjördæmisins, fjárlaganefnd Alþingis, samgöngunefnd Alþingis og samgönguráðherra til að ræða samgöngumál og leiðir til úrbóta í þeim efnum.

Í tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2003-2014, sem liggur fyrir Alþingi, eru settar 100 m.kr. á 1. tímabil og 850 m.kr. á 2. tímabil í þetta verk og ekkert úr því. Heildarkostnaður við verkið er áætlaður 1.350 þús. kr. miðað við að farin sé leiðin niður Hofárdal eins og ítrekað hefur verið ályktað um.

Sé þetta niðurstaðan er því fullkomlega óvíst hvenær og hvort lokið verður við tengingu Vopnafjarðar og nærsveita við hringveginn fyrr en löngu eftir árið 2010 og hugsanlega ekki fyrr en eftir árið 2014. Slíkt er fullkomlega óásættanlegt. Skorað er á Alþingi og samgönguyfirvöld að sjá að sér í þessu brýna byggðaverkefni og endurskoða fyrirliggjandi áætlun með þeim hætti að nægjanlegt fjármagn verði sett inn á 1. tímabil áætlunarinnar svo mögulegt verði að bjóða verkið út eigi síðar en um áramótin 2004/2005 og ljúka því á árinu 2007.

Í nútíma samfélagi þurfa vegasamgöngur milli byggðarlaga að vera góðar, slíkt er grundvöllur þess að samvinna milli svæða aukist og byggð styrkist.

Hér er því einnig minnt á að fjárveitingar til rannsókna á næstu jarðgöngum sem áætlað er fyrir í jarðgangaáætlun, verði nýttar til undirbúningsrannsókna á jarðgöngum undir Hellisheiði-eystri þ.a. mögulegt verði að hefjast handa við þau, þegar lokið er við þau jarðgöng sem búið er að ákveða að gera milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar og Siglufjarðar og Ólafsfjarðar.

Göng af þessum toga eru forsenda þess að byggð styrkist og samvinna aukist í byggðunum sitthvoru megin heiðarinnar. Göngin myndu stytta leiðina milli Vopnafjarðar og Egilsstaða um 50 km., auk þess sem leiðin yrði einnig öll á láglandi. Í þessu sambandi er og bent á ályktanir aðalfundar SSA um þessi mál frá 2001 og 2002.”

Ályktun samþykkt með 7 atkvæðum.

Í framhaldi af þessari ályktun var lögð fram svofelld tillaga:

“Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps samþykkir að fela sveitarstjóra og oddvita að fá fund með samgöngu- og fjárlaganefndum Alþingis, samgönguráðuneyti, þingmönnum Norðausturkjördæmis og vegamálastjóra, þar sem ítrekuð verður sú krafa að nægjanlegt fjármagn fái til að tengja Vopnafjörð með nútímalegum hætti við Þjóðveg 1, eigi síðar en árið 2007 á grundvelli ályktunar hreppsnefndar frá 22. janúar 2003.”

Samþykkt með 7 atkvæðum

7. mál. Umsókn um viðbótarúthlutun á aflaheimildum. Lögð fram umsókn Vopnafjarðarhrepps um viðbótarúthlutun á aflaheimildum til Vopnafjarðarhrepps dags. 3. jan. sl. Sveitarstjóri greindi frá fundi sem hann og fulltrúar atvinnumálanefndar höfðu átt með smábátasjómönnum og forsvarsmönnum Tanga h/f um hugsanlega skiptingu úthlutaðs byggðakvóta til Vopnafjarðarhrepps. Byggðakvóta verður ekki úthlutað fyrr en ljóst verður hvort viðbótarúthlutun fæst frá sjávarútvegsráðuneytinu.

8. mál. Aðalskipulag Vopnafjarðarhrepps til 2022. Lögð fram drög að nýju aðalskipulagi þéttbýlis Vopnafjarðar unnið af fyrirtækinu Teikn á lofti ehf., sem vinnur að gerð nýs aðalskipulags fyrir Vopnafjarðarhrepp. Sveitarstjóri gerði lítilliga grein fyrir hugmyndum skipulagsins og óskaði eftir að nefndarmenn skoðuðu hugmyndirnar vel og gerðu athugasemdir við þær, sem fyrst, en miðað er

við að skipulagshöfundur fundi með forsvarsmönnum sveitarfélagsins um skipulagið upp úr miðjum febrúar nk.

9. mál. Ýmsar fundargerðir og mál.

a) Fundargerð samgöngunefndar SSA frá 4. des. Sl.

Fundargerðin lögð fram. Hreppsnefnd tekur undir tillögur nefndarinnar , sem fram kemur í 3. tl. um að fjölga snjómokstursdögum um Vopnafjarðarheiði , Mývatns- og Möðrudalsöræfi og 4. tl. um endurbyggingu á Þjóvegi eitt um Víðidal og Langadal.

Fleira ekki gert og fundi slitið.